

HORFUM TIL FRAMTÍÐAR

Niðurstöður og ályktanir

Um stöðu ferðapjónustunnar

Í

Sveitarfélaginu Hornafirði

Haukur Ingi Einarsson

Ferðamálafélag Austur - Skaftafellssýslu

16. Október 2020



Inngangur:

Í september s.l. hafði Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) frumkvæði að boða til vinnufundar meðal ferðaþjónustuaðila á starfssvæði FASK. Vinnufundinum var ætlað að skila tillögum (hugmyndum) að lausnum sem aðilar geta gripið til, til að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs Covid 19 á fyrirtæki, fjölskyldur og tekjur SVH.

Óskað var eftir samstarfi við Nýheima þekkingarsetur (NP) og fjárhagslegum stuðningi frá Sveitarfélaginu Hornafirði (SVH) til að kosta vinnu NP. Snemma í ferlinu var ákveðið að gera könnun meðal ferðaþjónustunnar og nýta niðurstöður hennar sem undanfara vinnufundarins. Eftirfarandi samantekt lýsir helstu niðurstöðum könnunarinnar. Tölvupóstur var sendur út til 107 aðila, 57 svöruðu. Þátttakendur voru beðnir um að svara 16 spurningum bæði opnum og lokuðum.

Niðurstöður og ályktanir:

Hafa ber í huga að niðurstöðurnar eru fengnar eftir könnun þar sem 57 fyrirtæki af 107 svöruðu. Miðast allar niðurstöður og ályktanir hér að neðan út frá þeim upplýsingum. Telja verður þó að afdráttarlaus mynd sé teiknuð upp af raunverulegu ástandi ferðaþjónustugreinarinnar í Austur Skaftafellssýslu.

Helstu niðurstöður eru þær að þátttakendur eru neikvæðir til skamms tíma (6 mánaða) og telja að á bilinu 232 - 326 störf tapist á svæðinu vegna faraldursins til loka árs 2021, sem er á bilinu 15 - 21 % af skráðu vinnuafl í SVH samkvæmt Hagstofu Íslands 2019. Jákvæð teikn eru þó á lofti þegar horft er til 12 og 24 mánaða. Svarendur eru þá almennt bjartsýnni og gerir enginn þátttakandi ráð fyrir að loka til frambúðar.

Svarendur telja að árið 2020 tapist á bilinu 180 - 240 störf sem er 14,5 -15 % af heildar vinnuafl í SVH miðað við samanburðarárið 2019.

Svarendur telja að á milli árána 2020 - 2021 tapist á bilinu 52 - 86 störf til viðbótar.Því eru áætluð töpuð störf samkvæmt könnuninni á tímabilinu 2020 - 2021 á bilinu 232 - 326 sem er 14,76 - 20,7 % af heildar vinnuafl í SVH samanborið við árið 2019

Athygli er vakin á því að á árinu 2019 voru lítil fyrirtæki (1 - 10 starfsmenn) 81 % af fyrirtækjum á svæðinu, meðalstór (11 - 20 starfsmenn) 10,5 % og stór fyrirtæki (21+starfsmenn) tæp 9%. Í lok árs 2021 er ráðgert að 98% fyrirtækja flokkist undir lítil fyrirtæki (1 -10 starfsmenn) meðalstór fyrirtæki 1,75% og stór fyrirtæki verða ekki lengur til.

Ennfremur svöruðu 14 aðilar að 0 starfsmenn yrðu starfandi hjá félaginu í lok árs 2021 og því sum félög komin í dvala.

Álykta verður út frá þessum tölum að sérstaklega þarf að huga að úrlausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Samkvæmt könnuninni var hlutfall lítilla og meðal stórra fyrirtækja árið 2019 um 92% og þau sköpuðu á bilinu 64% - 66% starfa í samræmi við svarhlutfall í könnuninni. Áætlað er að árið 2021 verði öll fyrirtæki annaðhvort lítil eða meðalstór og ekkert fyrirtæki með yfir 21 starfsmann verði áfram starfandi.

Þegar horft er á spurninguna hvernig líst þér á veturinn framundan (2020/2021) kemur í ljós að einungis 2 af 27 fyrirækjum eða 3,5 % líst vel á veturinn, 9 % líst þokkalega á veturinn og 87,5% líst illa eða mjög illa á veturinn. Að sama skapi þegar spurt var hversu bjartsýnir svarendur væru næstu 6 mánuði sem er sama tímabil kom í ljós að 11 % voru bjartsýn, 26% hvorki né og 63 % svartsýn. Í vetrarlok eða í byrjun apríl gera 33% fyrirtækja ráð fyrir því að vera starfrækt í óbreyttri mynd eða 19 af 57 fyrirtækjum. 44% fyrirtækja gera ráð fyrir að vera í rekstri en í breytttri mynd og 23% eða 14 hafa lokað tímabundið.

Þegar horft er til næstu 12 mánaða með sömu spurningu, þá kemur í ljós að bjartsýnin og hlutleysið eykst, 25% eða 14 fyrirtæki eru bjartsýn, 44% eða 25 fyrirtæki eru hvorki né og 18 fyrirtæki eða 32% svartsýn.

Þegar horft er til næstu 24 mánaða með sömu spurningu, þá kemur í ljós að bjartsýnin og hlutleysið eykst enn frekar, 47% eða 27 fyrirtæki eru orðin bjartsýn eða mjög bjartsýn, 30 % hlutlaus og eingöngu 23 % svartsýn eða mjög svartsýn.

Út frá þessum niðurstöðum má álykta að svarendur eru neikvæðir til skamms tíma en verða jákvæðari þegar til lengri tíma er lítið. Ekkert fyrirtæki hyggst hætta samkvæmt könnuninni á næstu 24 mánuðum þrátt fyrir að tímabundið verði starfsemi flestra fyrirtækja með breyttu sniði og/eða lokað tímabundið. Þetta verður að teljast jákvætt viðhorf stjórnenda og gefur til kynna að enn er hugur í rekstraraðilum að endurheimta og ná fram fyrri styrk.

Ef við gefum okkur að þróun á bóluþefni verði jákvæð á næstu 6 mánuðum og að á næstu 12 - 18 mánuðum verði það komið í almenna dreifingu hjá helstu viðskiptalöndum Íslands þá getur það skipt sköpum að aðilar máls bregðist rétt við til að lágmarka skaðann og flýta fyrir bata eins og kostur er. Vinnufundi FASK er m.a. ætlað að fá ráð/hugmyndir hjá ferðaþjónstugreininni um hvaða úrræði þið teljið geti skipt sköpum fyrir ykkar rekstur og lífsviðurværi svo að skaðinn sem nú blasir við verði sem minnstur og að viðspyrna greinarinnar verði sem best og mest.

Uppstilling/framkvæmd/likön/mælingar/úrvinnsla

Þegar gögnin voru greind var annarsvegar horft til þess hvaða áhrif og viðhorf Covid 19 hafi haft á ferðapjónustuna sem heild og hinsvegar áhrif á mismunandi geira, afþreyingu, gistingu og veitingapjónustu. Auk þess sem skoðað var hver áhrifin eru á lítil, meðal og stór fyrirtæki.

Eftirfarandi eru niðurstöður greiningarvinnunnar

Skiptingin milli atvinnugreina er eftirfarandi:

Á tímabilinu 2019 - 2021 gerir afþreyingin ráð fyrir að 49 - 68 störf tapist.

Á tímabilinu 2019 - 2021 gerir gistingin ráð fyrir að 140 - 207 störf tapist

Á tímabilinu 2019 - 2021 gerir veitingageirinn ráð fyrir að 43 - 51 störf tapist.

Á tímabilinu 2020 gerir afþreyingin ráð fyrir að 35 - 44 störf tapist.

Á tímabilinu 2020 gerir gistingin ráð fyrir að 105 - 147 störf tapist.

Á tímabilinu 2020 gerir veitingageirinn ráð fyrir að 38 - 46 störf tapist.

Hver var starfsmannafjöldi skipt á lítil, meðal og stór fyrirtæki

2019	Lítil fyrirtæki (1 - 10 starfsmenn) voru 46 fyrirtæki (80,7%) Meðalstór fyrirtæki (11 - 20 starfsmenn) voru 6 fyrirtæki (10,5 %) Stór fyrirtæki (21 + starfsmenn) voru 5 fyrirtæki (8,77%)
2020	Lítil fyrirtæki (1 - 10 starfsmenn) er áætlað 54 fyrirtæki (95 %) Meðalstór fyrirtæki (11 - 20 starfsmenn) er áætlað 2 fyrirtæki (3,5 %) Stór fyrirtæki (21 + starfsmenn) er áætlað 1 fyrirtæki (1,75%)
2021	Lítil fyrirtæki (1 - 10 starfsmenn) er áætlað 56 fyrirtæki (95 %) Meðalstór fyrirtæki (11 - 20 starfsmenn) er áætlað 1 fyrirtæki (3,5 %) Stór fyrirtæki (21 + starfsmenn) er áætlað 0 fyrirtæki (1,75%)

Þegar fjöldatakmörkin voru settar á í lok mars þá hafði það eftirfarandi áhrif á greinina sem heild:

Heildin:

12 % engin eða mjög lítil breyting á rekstri fyrirtækja (7 fyrirtæki)
60 % fyrirtækja lokuðu ekki en eftirspurn var lítil (34 fyrirtæki)
28 % fyrirtækja lokuðu tímabundið. (16 fyrirtæki)

Afþreying:	Gisting:	Veitingar:
14 % engin/mjög lítil breyting (2) 64 % lokuðu ekki / eftirspurn var lítil (9) 21 % lokuðu tímabundið. (3)	15 % engin/mjög lítil breyting (5) 59 % lokuðu ekki/ eftirspurn var lítil (20) 26 % lokuðu tímabundið. (9)	0 % engin/mjög lítil breyting (0) 50 % lokuðu ekki/eftirspurn var lítil (4) 50 % lokuðu tímabundið. (4)

Hvernig kom sumarið 2020 út rekstrarlega:

Heildin:

12 % Mjög vel/vel/betur en ég þorði að vona (7 fyrirtæki)
35 % Þokkalega (20 fyrirtæki)
50% Illa/mjög illa/ lokaði tímabundið (28 fyrirtæki)
3,5% Annað (2 fyrirtæki)

Afþreying:	Gisting:	Veitingar:
7 % mjög vel/ vel (1) 36 % þokkalega (5) 57 % illa/mjög illa/ lokaði tímabundið (8)	12 % mjög vel/ vel (4) 38 % þokkalega (13) 47 % illa/mjög illa/ lokaði tímabundið (8)	25 % mjög vel/ vel (2) 25 % þokkalega (2) 50 % illa/mjög illa/ lokaði tímabundið (4)

Hvernig líst þér á veturinn 2020/2021

Heildin: 3,5 % Mjög vel/ vel (2 fyrirtæki) 9 % Þokkalega (5 fyrirtæki) 87,5 % illa/mjög illa (50 fyrirtæki)

Afpreying:	Gisting:	Veitingar:
7% Mjög vel/ vel (1) 7% Þokkalega (1) 86% illa/mjög illa (12)	0% Mjög vel/ vel (0) 12% Þokkalega (4) 88% illa/mjög illa/lokað (29/1 lokað)	0% Mjög vel/ vel (0) 12,5% Þokkalega (1) 87,5% illa/mjög illa (7)

Telur þú að fyrirtækið þitt verði starfandi í apríl 2021

Heildin: 33 % já með sama hætti og hefur verið (19 fyrirtæki) 44 % já en með breyttu sniði (25 fyrirtæki) 23 % nei hef lokað tímabundið (13 fyrirtæki)
--

Afpreying:	Gisting:	Veitingar:
36 % já með sama hætti og áður (5) 43 % já en með breyttu sniði (6) 21 % nei hef lokað tímabundið (3)	32 % já með sama hætti og áður (11) 41 % já en með breyttu sniði (14) 47 % nei hef lokað tímabundið (9)	25 % já með sama hætti og áður (2) 62,5 % já en með breyttu sniði (5) 12,5 % nei hef lokað tímabundið (1)

Hversu bjartsýn(n) eru fyrir næstu 6 mánuði:

Heildin: 11 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (6 fyrirtæki) 26 % Hvorki né (15 fyrirtæki) 63 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (36 fyrirtæki)

Afþreying:	Gisting:	Veitingar:
0 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (0) 36 % Hvorki né (5) 64 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (9)	9 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (3) 29 % Hvorki né (10) 62 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (21)	25 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (1) 0 % Hvorki né (0) 75 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (7)

Hversu bjartsýn(n) ertu fyrir næstu 12 mánuði:

Heildin: 25 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (14 fyrirtæki) 44 % Hvorki né (25 fyrirtæki) 32 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (18 fyrirtæki)
--

Afþreying:	Gisting:	Veitingar:
29 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (0) 36 % Hvorki né (5) 36 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (9)	18 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (6) 56 % Hvorki né (19) 26 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (9)	37,5 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (3) 12,5 % Hvorki né (1) 50 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (4)

Hversu bjartsýn(n) ertu fyrir næstu 24 mánuði:

Heildin: 47 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (27 fyrirtæki) 30 % Hvorki né (17 fyrirtæki) 23 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (13 fyrirtæki)
--

Afpreying:	Gisting:	Veitingar:
50 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (7) 36 % Hvorki né (5) 14 % Svartsýn(n) (2)	47 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (16) 29 % Hvorki né (10) 24 % Svartsýn(n)/Mjög Svartsýnn (8)	37,5 % Mjög bjartsýn/bjartsýn (3) 25 % Hvorki né (2) 37,5 % Svartsýn(n) (3)

Vinnufundur og loka orð:

Eins og fram kom í mörgum svörum við opnu spurningunum þá skiptir samstaða máli á tímum sem þessum. Stjórn FASK er hjartanlega sammála því og hvetur hún til áframhaldandi samstöðu meðal ferðapjónustunnar í Austur - Skaftafellssýslu. Því er mikilvægt að sem flestir skrái sig á vinnufundinn sem verður haldinn rafrænt 22. Október.

Stjórn FASK vill þakka Sveitarfélagi Hornafjarðar fyrir veittan stuðning og Þekkingarsetri Nýheima fyrir greinargóða vinnu. Ennfremur vill stjórn FASK þakka sérstaklega öllum þeim sem tóku frá tíma til að svara spurningakönnuninni